

Reglur Fræðslusjóðs Sjúkraliðafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytisins

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður Sjúkraliðafélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Fræðslusjóðurinn er settur á stofn og starfar á grundvelli bókunar í kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Sjúkraliðafélags Íslands. Fræðslusjóðurinn starfar með því skipulagi og skv. þeim markmiðum sem segir í reglum þessum. Stjórn sjóðsins skal setja sér nánari starfsreglur í samræmi við markmið hans.

2. gr.

Markmið Fræðslusjóðsins er að stuðla að markvissri símenntun og starfsþróun sjúkraliða til að takast á við ný og breytileg verkefni. Enn fremur að auka möguleika stofnana til að þróa starfsemisína til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar. Hlutverk Fræðslusjóðsins er að vinna að þessum markmiðum með því að gera tillögur um fræðslu, taka við og móta nýjar hugmyndir og vera stefnumótandi. Fræðslusjóður sjúkraliða skal styðja stofnanir til framþróunar. Samstarf við stéttarfélag ríkisstarfsmanna eða fræðslusetur/starfsþróunarsjóði er eitt af markmiðum sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að gera samninga um útvistum á verkefnum sínum. Sjóðurinn skal starfrækja fagráð á starfsviði sínu í samráði við heilbrigðisstofnanir ríkisins og skapa því aðstæður til að setja fram faglegar áherslur í starfinu og móta framtíðarsýn á viðfangsefnið.

3. gr.

Tekjur Fræðslusjóðs sjúkraliða eru:

- Framlag er nema skal 0,25% af heildarlaunum félagsmanna SLFÍ, sem starfa hjá ríkinu
- Framlög Starfþróunarsjóðs SLFÍ samkvæmt reglum hans á hverjum tíma
- Vaxtatekjur
- Sjálfsaflafé

Fræðslusjóðurinn tekur þátt í kostnaði við fræðslu starfsmanna og annast um framkvæmd. Fræðslusjóðnum er heimilt að afla tekna með sölu námsefnis eða námskeiða samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Fjármuni Fræðslusjóðsins skal ávaxta á þann hátt sem stjórn þess telur hagkvæmastan og öruggan. Reiknisár Fræðslusjóðsins er almanaksárið. Uppsetning ársreiknings og endurskoðun skal gerð af löggiltum endurskoðanda. Fulltrúar stéttarfélagsins í stjórn Fræðslusjóðsins skulu tilnefna tvo skoðunarmenn reikninga sjóðsins. Ársreikning skal senda til samningsaðila.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum fulltrúum, tveimur fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytis og tveimur fulltrúum Sjúkraliðafélags Íslands. Varamenn í stjórn skulu vera tveir, einn frá hvorum aðila. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluti stjórnarmanna að vera henni fylgjandi. Firmaritun sjóðsins er í höndum allrar stjórnar sameiginlega og prókúruhafi umsýsluaðila fer með prókúru fyrir sjóðinn í samræmi við þjónustusamning og úthlutunarreglur sjóðsins. Stjórnin setur sér nánari reglur um starfshætti og áherslur.

5. gr.

Um önnur ónefnd atriði vísast til kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra og Sjúkraliðafélags Íslands sem í gildi er á hverjum tíma. Breytingar á reglum þessum skulu hljóta samþykki kjarasamningsaðila.

Samþykkt og undirritað af fjármála- og efnahagsráðuneyti og SLFÍ dags. 25. maí 2019